

## Samfélagsfræði 1. bekkur 2019-2020

**Kennarar: Íris Dögg Jónsdóttir**

**2,5 kennslustundir á viku**

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í samfélagsfræði sett fram í þremur flokkum: reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur. Samfélagsfræði fjallar um samfélög og menningu á lýsandi og gagnrýninn hátt og á samfélagsfræðin sér grundvöll í þeirri skyldu samfélagsins að fræða nemendur um gildi eins og lýðræði, jafnrétti, virðingu og umhyggju og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Á bls. 194 – 206, í 24. kafla aðalnámskrár grunnskóla sem fjallar um samfélagsfræði má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

**Kennsluhættir.** Ýmsar kennsluaðferðir eru notaðar s.s. einstaklings- og hópavinna, ýmis konar verkefna- og rannsóknarvinna.

Nokkur þemu verða unnin en þema er námskipulag þar sem tekið er fyrir ákveðið afmarkað viðfangsefni sem unnið er með á margvíslegan hátt og hinar ýmsu námsgreinar samþættar (t.d. stærðfræði, íslenska, ritun, samfélagsfræði, náttúrufræði, listgreinar o.fl.). Unnið er með eitt þema í einu og þau unnin hvert af öðru. Í upphafi hvers þema eru sett fram skýr markmið svo að nemendur geri sér grein fyrir tilgangi verkefnanna. Í þemavinnu er leitast við að hafa fjölbreytt verkefni svo að sem flestir fái að njóta sín.

### **Námsgögn**

Söguramminn *Skólinn okkar*, Bókin um Tíslu, Komdu og skoðaðu umhverfið, ýmis ljósrit og efni af netinu.

### **Námsmat**

Metin er vandvirkni nemenda, frumkvæði og sjálfstæði, hvort nemandi komi sér að verki og sé vinnusamur, hvort nemandi vinni vel með öðrum, hvort nemandi gangi vel um og fari vel með efni og áhöld. Símat og sjálfsmat.